



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. apríl 2019

1902031SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um loftslagsmál, 758. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Almennt um frumvarpið

Samband íslenskra sveitarfélaga veitti umsögn um drög að frumvarpi sem birt var í samráðsgátt Stjórnarráðsins fyrr á þessu ári. Í henni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið, ekki síst um að alla sýn vantaði í frumvarpið um aðkomu sveitarfélaga að stjórnarsýslu loftslagsmála og ákvæði um samráð við sveitarfélögin um gerð áætlana um aðgerðir og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Tilfni er til þess að hrósa umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fyrir að hafa sýnt ríkan vilja til að bæta úr þessum annmörkum á frumvarpinu. Þannig hefur verið fallist á kröfu sambandsins um beina aðkomu að verkefnisstjórn sem mótar tillögur að aðgerðum í loftslagsmálum og hefur umsjón með að þeim verði hrundið í framkvæmd, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Sambandið áréttar jafnframt að það hlýtur að vera keppikefli fyrir ráðuneyti og stofnanir ríkisins að ná samtali við sveitarstjórnarstigið mjög snemma í stefnumótunarferlinu til að ná sem mestri samstöðu um hvert beri að stefna.

Ábendingar við einstakar greinar frv.

Um 2. gr. a. (5. gr.)

Að álit sambandsins vantar í 1. mgr. greinarinnar að við gerð aðgerðaáætlunar skuli forgangsraða aðgerðum m.t.t. áætlaðs kostnaðar ásamt mati á loftslagsávinningi. Jafnframt telur sambandið mikilvægt að áréttu að við mat á áætluðum kostnaði ber, skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að meta kostnað sveitarfélaga af þeim aðgerðum sem lagðar eru til í áætluninni.

Lagt er til, í þeim tilgangi að tryggja samræmi við aðra stefnumótun stjórnvalda, að við síðari málslið 2. mgr. bætist: og hafa hliðsjón af annarri stefnumörkun stjórnvalda eftir því sem við á.

Einnig er áréttuð ábending úr fyrri umsögn sambandsins um frumvarpið, að hvergi í frumvarpinu er vikið að aðkomu Alþingis að samþykkt þeirrar stefnumótunar sem kveðið er á um í frumvarpinu.

Um 2. gr. 5 (5. gr. a.)

Gerð áætlunar um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum er risastórt verkefni sem varðar þjóðarhagsmuni og þarf að setja verkefnið í forgang á næstu árum. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu mun samfélagið þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum, svo sem hækkandi sjávarborði, hopun jökla,

breytingum á veðurfari, súrnun sjávar og breyttu gróðurfari og ræktunarskilyrðum. Í greininni er ekki sett fram útfærsla á þessari vinnu heldur einungis sagt að ráðherra láti gera aðgerðaáætlun og setji reglugerð um gerð og eftirfylgni hennar.

Af hálfu sveitarfélaga er tilefni til þess að benda á að sveitarstjórnarstigið verður lykilaðili í samstarfi um gerð þessarar áætlunar. Má í því samhengi benda á þætti á borð við flóðavarnir og fráveitumál. Eðlilegt er því að kveðið verði á um samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um gerð reglugerðarinnar og einnig þarf að tryggja sveitarfélögum beina aðkomu að gerð áætlunarinnar.

Um 3. gr. a. (5. gr. b.)

Áfram er gert ráð fyrir því að í loftslagsráði eigi sæti fulltrúi sveitarfélaga. Skýrara væri þó að kveða á um það með beinum hætti að einn fulltrúi verði skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig væri eðlilegt að gera þá kröfu til allra sem taka sæti í loftslagsráði að þeir hafi haldgóða þekkingu á loftslagsmálum.

Um 3. gr. b. (5. gr. c.)

Í greininni er kveðið á um að ráðuneyti, ríkisstofnanir og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins skuli setja sér loftslagsstefnu með mælanlegum markmiðum. Hér er um mjög jákvæða aðgerð að ræða en mögulega er tilefni til þess að skerpa á orðalagi greinarinnar þannig að skýrt sé að við gerð loftslagsstefnu skuli horft til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.

Ljóst er að ef vel verður staðið að málum eru t.d. mikil tækifæri til þess að breyta samgönguvenjum. Vert væri því að leggja sérstaka áherslu á samstarf ríkisstofnana og fyrirtækja ríkisins við rekstraraðila almenningssamgangna, en með því mætti jafnframt treysta rekstrarforsendur almenningssamgangna.

Að áliti sambandsins mætti vel skoða möguleika á því að Umhverfisstofnun nýti þær aðferðir sem þróaðar verða á grundvelli greinarinnar í þágu sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra enda er ljóst að jarðvegur er einnig hjá sveitarfélögum til þess að mæla og setja markmið um árangur í loftslagsmálum.

Um 3. gr. c. (5. gr. d.)

Sambandið gerir ekki athugasemd við orðalag greinarinnar en minnir á að náttúrustofur ættu að eiga aðkomu að gerð vísindaskýrslna skv. greininni.

Um 4. (6. gr.)

Tilefni er til þess að ræða hvort gildissvið greinarinnar er of vítt, en í 1. mgr. er Umhverfisstofnun veitt afar rúm heimild til þess að krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri. Nánari útfærsla verður hins vegar í reglugerð, þar sem hlýtur að verða horft til þess að slíkra gagnaskila verði eingöngu krafist af rekstraraðilum sem falla undir tiltekna viðauka í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum.

Um 5.-7. gr. (29.-31. gr.)

Í þessum greinum er fjallað um Loftslagssjóð, sem er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra umhverfis- og auðlindamála. Hlutverk sjóðsins er að styðja við

nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála ásamt verkefnum sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Framtíðarhlutverk hans mun að einhverju leyti velta á því hve stór sjóðurinn verður en ljóst má vera að væntingar til sjóðsins eru meiri en sem nemur þeim 100 m.kr. á ári sem gert er ráð fyrir því að renni í hann á næstu árum.

Í greinargerð á bls. 7 segir m.a. eftirfarandi um fjármögnun verkefna á sviði loftslagsmála:

Í fjármálaáætlun 2019–2023 er í fyrsta sinn gert ráð fyrir umtalsverðum fjárframlögum sérstaklega ætluðum aðgerðum í loftslagsmálum. Þar er meðal annars gert ráð fyrir framlögum til loftslagssjóðs en ekki er ætlunin að öll fjárframlög til loftslagsmála renni í gegnum sjóðinn. Samkvæmt lagatextanum óbreyttum er hlutverk sjóðsins að styðja við verkefni á mjög víðum grunni. Í frumvarpinu er lagt til að verk svið sjóðsins verði þrengt og að sjóðurinn muni styrkja nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsvænnar tækni, auk kynningar og fræðslu. Önnur verkefni, svo sem á sviði kolefnisbindingar og uppbyggingar innviða til orkuskipta, verða fjármögnuð eftir öðrum leiðum. Loftslagssjóður mun eftir sem áður gegna mikilvægu hlutverki í framkvæmd loftslagsmála og tímabært að hann taki til starfa sjö árum eftir að hann var stofnaður með lögum.

Sambandið gerir ekki beinar athugasemdir við 5.-7. gr. en bendir á að eðlilegt væri að allir stjórnarmenn Loftslagssjóðs hafi haldgóða þekkingu á loftslagsmálum, frekar en einungis annar fulltrúi ráðherra.

Einnig telur sambandið eðlilegt að við mótun áherslna um úthlutanir Loftslagssjóðs verði leitast við að stuðla að þróunarverkefnum á sveitarstjórnarstigi. Vel mætti t.d. sjá fyrir sér mögulega tengingu styrkhæfra verkefna inn í sóknaráætlanir landshluta. Þannig væri hægt að koma fjármagni inn á stór landsvæði þar sem sveitarfélög í hverjum landshluta myndu sameiginlega standa fyrir átaki á sviði loftslagsmála. Jafnframt gæti það reynst árangursríkt að tengja styrkhæf verkefni Loftslagssjóðs við byggðaáætlun og samþætta þannig áætlanir á vegum ríkisins og ná fram auknum slagkrafti í verkefnum, s.s. með samfjármögnun þeirra.

Af framangreindum ástæðum teldi sambandið ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því að einn stjórnarmaður verði tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt hvetur sambandið til þess að vakin verði sem mest athygli á úthlutunum og hlutverki sjóðsins á opinberum vettvangi.

Frekari aðkoma ríkisins að innviðauppbyggingu

Eins og rakið er að framan fjallar frumvarpið einungis að takmörkuðu leyti um fjármögnun verkefna á sviði loftslagsmála, þ.e. verkefni sem ekki falla undir Loftslagssjóð. Samband íslenskra sveitarfélaga telur afar mikilvægt að við umfjöllun um frumvarpið horfi umhverfis- og samgöngunefnd á stóru myndina varðandi uppbyggingarþörf og meti m.a. hvernig hægt væri að stuðla að auknu gegnsæi varðandi ráðstöfun fjármuna til uppbyggingar innviða.

Innleiðing löggjafar frá Evrópusambandinu um umhverfismál kallar iðulega á uppbyggingu innviða, ekki síst í úrgangs- og fráveitumálum. Oft er jafnframt um að

ræða framkvæmdir sem munu stuðla að bættum árangri Íslands í loftslagsmálum og gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þar má einkum nefna gas- og jarðgerðarstöð sem Sorpa bs. mun reisa til að draga úr þörf fyrir urðun og brennslu úrgangs. Ekkert liggur fyrir um stuðning ríkisins við það verkefni.

Að öllum líkindum er einnig þörf á miklum framkvæmdum í fráveitumálum, þótt aðgerðaáætlun gegn plastmengun sé raunar enn í mótun. Sambandið hefur um árabíl kallað eftir stuðningi ríkisins við fráveituframkvæmdir, með endurgreiðslu virðisaukaskatts af slíkum framkvæmdum. Við þessum óskum hafa ekki borist nein formleg viðbrögð, a.m.k. enn sem komið er.

Einnig má nefna eflingu almenningssamgangna, bæði innan þéttbýlis og milli landshluta, þar sem svonefnd Borgarlína er stærsta verkefnið. Í drögum að stefnu um almenningsamgöngur, sem birt voru í febrúar á þessu ári, eru reifaðar hugmyndir um uppbyggingu samgöngumiðstöðva og yfirbyggðra biðstöðva almenningsvagna, bættu upplýsingagjöf til notenda og fleiri aðgerðir sem stuðlað gætu að aukinni notkun almenningsvagna.

Af hálfu sambandsins hefur iðulega verið bent á að innan EES-svæðisins hafi sveitarfélög almennt möguleika á því að sækja um styrki úr uppbyggingarsjóðum ESB til þess að fjármagna hluta þeirrar innviðaupbyggingar sem þörf er á til að byggja upp almannaþjónustu. Sú er hins vegar ekki raunin hér á landi. Eðlilegt er því að íslensk sveitarfélög spyrji hvort íslenska ríkið telji sig ekki hafa neinar skyldur gagnvart sveitarfélögum til þess að stuðla að réttri innleiðingu EES-löggjafar. Slíkur stuðningur getur heldur falist í stuðningi við einstök verkefni, t.d. með eftirgjöf á virðisaukaskatti eða möguleikum á að sækja um styrki í opinbera sjóði eða áætlanir. Einnig er vitaskuld mögulegt að kveða á um almennar heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku eða skattahækkana til að standa undir auknum skyldum.


Lokaorð

Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum fela í sér nýjar og kostnaðarsamar skyldur fyrir sveitarfélögin og er það eðlileg krafa af hálfu sveitarfélaga að fjármögnun þeirra verkefna verði gegnsæ. Það frumvarp sem hér er til umsagnar nær ekki að fullu því markmiði en líkt og að framan er rakið er afstaða sambandsins til frumvarpsins engu að síður fremur jákvæð.

Að teknu tilliti til framangreinda ábendinga mælir sambandið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri: